

Vis 9 febr. 1937

Ingeborg Kōber.

I rómverskum lögum var bannað að beita í réttarrannsókn pindingum við frjálsa menn. Það var því um mikla siðferðislega afturför að ræða þegar kristnár þjóðir Evrópu leiddu í lög þessa grimdarfullu aðferð við sakborninga. Eitt land var þó í þessu efni undantekning. Í Noregi var óhæfa þessi aldrei í lög leidd, og er það mikill heiður fyrir hinna norsku þjóð og í góðu samræmi við norraent hugarfar. En þó hefir þessum heiðri nú undanfarið verið illa spilt. Á eg þar við meðferðina á frú Ingeborg Kōber, dóttur L. Dahls, bæjarfógeta í Friðriksstað. Kona þessi var sem miðillinn Ingeborg, orðin heimskunn meðal þeirra sem áhuga hafa á slíkum efnum. Svo druknaði faðir hennar og Ingeborg var sökuð um að hún hefði drepið hann, og hefir orðið að þola langt varðhald og mikil réttarpróf. Menn urðu þó að gefast upp við að saka hana um föðurmorð, en svo var upp á hana borð að hún hefði verið sviksamlegur

miðill. Á því virðist enginn vafi geta leikið, að Ingeborg hefir haft mjög merkilega miðilshæfileika og þarf til þess að sýna það ekki annað en Jólabréfið sem hinn framliðni Wierss-Jensen — ef eg man nafnið rétt — skrifaði konu sinni með hönd Ingeborgar í miðilsástandi; var bréfið með rithönd skálðsins. Dahl bæjarfógeti var sannfærður um miðils-hæfileika dóttur sinnar, og var hann ófað gáfaður maður og ekki auðginnitur, eftir því sem mér virðist mega ráða, eigi einungis af bókum hans heldur einnig af nokkrum bréfaskiftum við hann. Mjög miklar likur virðast því vera til þess, að einnig að því er miðilsstarfið snertir, hafi Ingeborg verið höfð fyrir rangri sök, og er barna þá um að ræða enn eitt dæmi þess hvernig hin hryggilega fáfræði um þessi efni, sem svo nauðsynlegt er að vísindin fari að ná fullum tökum á, hefir orðið til þess að saklaus kona hefir verið hart leikin.

2. 2.

Helgi Pjeturss.